

Eru kettir ekki eins trúir eigendum sínum og hundar?

Ástæðan fyrir því að hundar og kettir hegða sér á ólíkan hátt gagnvart mannfólki liggur í því að þeir þróuðust í villtu umhverfinu til að hafa mismunandi félagsuppbyggingu og ólíkar veiðiaðferðir. Hundar veiða og búa saman í hópum, þar sem gildir fastsett goggunaröð þar sem hver hundur veit hver ræður hans gerðum og hvaða hundum hann getur stjórnað. Þeir veiða bráðir sem eru stærri en þeir sjálfir og þeir deila bráðinni með öðrum. Hver hundur þarf að þekkja sinn stað í goggunarröðinni til að hún vinni skilvirkilega. Kettir mynda aftur á móti lausleg sambönd, byggð á framboði matar á svæðinu þeirra, en þeir veiða venjulega einir. Þeir veiða einir og þá bráð sem er minni en þeir og deila henni ekki með öðrum fullorðnum köttum.

Báðar tegundir deila með sér í vissum tilfellum; hundar deila veiðisvæði yfirleitt bara með öðrum í flokknum þeirra, kettir deila mögulega með sér svæði ef það næg fæða í boði.

Hundar eru hópdýr og eru undirgefnir leiðtoga hópsins, í samfélagi manna ert þú leiðtogi hópsins og hundurinn þinn fylgir þér og hlýðir. Það sem virðist sýna að hundurinn sé trúir eiganda sínum er í raun oft bara hin undirgefna hegðun sem hefur þróast með hundum í gegnum aldirnar. Kettir mynda ekki formlega hópa, en eiga það til að mynda samfélag byggt á köttum sem eru skyldir. Læðurnar mynda lauslegt sambönd á meðan fressarnir eru yfirleitt frekar einfarar, sem heimsækja margar læður á mismunandi svæðum innan þeirra lands. Kettir horfa á þig sem einstakling sem deilir svæði með þeim og tengsl þeirra við þig byggir á framkomu þinni gagnvart þeim – köttur sem er ofsóttur einfaldlega fer eða berst, ofsóttur hundur, því miður, sækir jafnvel í meira.

Undirgefin ást

Í grimnum tilraunum hafa hundar með fullri meðvitund verið skornir, nærri krufnir, af vísindamönnum sem voru eigendur þeirra, allt til að sjá hversu "trúir" þeir væru eigendum sínum. Þrátt fyrir að hræðilega væri verið að fara með þá, sleiktu hundarnir hendur eigandanna á meðan á tilrauninni stóð. Frægasta svona tilraunin var framkvæmd fyrir um öld síðan og var gerð með það í huga að sanna hversu trúir Spaniel-hundar væru eigendum sínum. Þrátt fyrir allt sem var gert við þá (þar á meðal fjarlægt auga án deyfingar), hélt hundurinn áfram að treysta eiganda sínum og sleikja hendina á þeim sem pyntaði hann. Þar sem eigandinn var álitinn leiðtogi hópsins héldu hundarnir áfram að vera undirgefnir þrátt fyrir hræðilegar mirþyrmingar. Og í raun héldu hundarnir áfram að vera "trúir" þar til búið var að pynta þá til dauða. Sem betur fer eru slíkar tilraunir ekki framkvæmdar lengur, en þessi hlið á persónuleika hunda er enn hægt að sjá þegar hundi sem er misþyrmt heldur áfram að fylgja eigandanum sem fer illa með hann. Hann veit í raun ekki hvað hann getur annað gert.

Í úlfahópum, er oft einstaklingur sem er ofsóttur og misþyrmt af sterkari einstaklingum. Þrátt fyrir það heldur einstaklingurinn áfram að vera með hópnum þar sem hann á betri möguleika á að lifa af. Þegar einstaklingurinn mætir æðra settum hundum verður hann niðurlátur til að sýna að hann þekkir sinn stað í hópnum. Hann samþykkir einnig að vera ofsóttur af hinum því hann hefur minni líkur á að komast af sér einn. Margir hundar eru án vafa mjög tengdir eigendum sínum, en þeirra læða félagshegðun, að hluta til undirgefnir þeirra fyrir leiðtoganum (eigandanum) er oft mistúlkuð sem að þeir séu trúir eigandanum.

Menn hafa haldið hunda í margar aldir, sem félaga eða í notsamlegum tilgangi. Nútíma gælu hundar hafa verið ræktaðir til að halda hvolpa- útliti og hegðun (í sumar varðhunda- og slagsmálahunda tegundir hefur verið ræktað áráshneigð). Til dæmis er gelt einkenni hvolpa. Þó hvolpar séu nærðir, umbornir og leikið við þá af fullorðnum, eru þeir neðarlega í goggunarröð hópsins. Hinir fullorðnu í hópnum verja hvolpana þannig að hundurinn þinn lítur oft á sjálfan sig sem hvolpinn með þig sem verndara sinn. Á hinn bóginn refsa þeir fullorðnu hvolpunum ef þeir hegða sér illa – eins og hægt er að refsa gælu hundi til að stýra hegðun hans

Dýratemjarar vita að hundar bregðast vel við verðlaunakerfi, að vera hrósað þegar þeir gera rétt. Í augum hundsins er þetta viðurkenning frá öðrum félögum í hópnum.

Þrátt fyrir að hundar sýni á áberandi hátt ástúð sína, gleði og aðra hegðun gagnvart eigendum sínum, þarftu að taka inn myndina þá spurningu “er þetta einstaklings ástúð eða lærd undirgefni” þegar þú talar um að hundurinn sé tryggur. Margt af því sem við teljum vera tryggindi er í raun afleiðing lærdunar hegðunar hunda frá því þeir voru villtir.

Skápa ást

Kettir mynda tengsl við menn en eru ekki undirgefni og líða ekki jafn mikla ánýðslu og hundar. Kettir skynja sig ekki með ákveðna stöðu í hópnum og þeir telja ekki að það sé réttur þinn að misþyrma þeim eða þvinga til að sýna trygglyndi. Köttur, sem er misþyrmt, yfirgefur heimili sitt ef hann getur. Hundur, sem er misþyrmt, kemur yfirleitt aftur eftur meiru því hann hefur lært að hans staður í hópnum er neðstur.

Þar sem margir kettir búa á afmörkuðu eða einangruðu svæði gæti verið einn sem er nýðst á og er hafður útundan. Ólíkt hundi í sömu stöðu mun hann ekki sýna biðjandi eða undirgefna hegðun (betlandi) heldur mun kötturinn einangra sig til að forðast það að verða nýddur. Ef það er möguleiki mun kötturinn yfirgefa svæðið. Ef það er ekki mögulegt mun hann forðast þá sem kvelja hann. Og ólíkt hundum hafa kettir engan ávinning af því að halda sig í hópnum. Ef þeir geta ekki yfirgefið svæðið þar sem það er afmarkað eða af því að það er eini staður þar sem hægt er að fá mat munu þeir borða, pissa og sinna öðru slíku þegar hinir kettirnir eru ekki nálægt.

Kettir hafa ekki verið sérstaklega ræktaðir eins lengi og hundar, þannig að þeir sýna ekki eins mikið ungvíða (kettlinga) hegðun. Yfirleitt voru kettir haldnir til að halda meindýrum í skefjum. Það krafðist þess ekki að þeir væru tryggir einstökum mönnum. Það eru bara nokkrir áratugir síðan farið var að rækta ketti fyrir félagsskap eða skapferli (í stöðlum sumra kattategunda er klausa um skapferli).

Kettir sem eru aldir upp í ástúðlegu heimili eru oft trúir heimilinu eða jafnvel ákveðnum einstaklingum. Þar sem eigandinn þarf að vinna fyrir trygglyndinu er þetta mun dýrmætara heldur en undirgefni hunda. Kettir geta líka séð um sig sjálfir og heimsækja nágretta til að njóta félagsskaps þeirra, matar, hita og svo framvegis, en flestir snúa aftur á sitt eigið heimili ef þú sérð fyrir honum á sambærilegan hátt. Þetta er vegna þess að kettir eru vanir að veiða einir og hafa þróað með sér að hæfileika til að nýta sér matarframboð sem þeir geta nýtt sér einir. Hundar veiða í hóp og gælu hundur lítur á þig sem félagsmann í veiði – afkoma hans er tryggust ef hann heldur sig með þér, hvernig sem þú ferð með hann.

Kettir flytja oft með sér heim verðlaun veiðinnar sem merki um viðurkenningu sína. Það er þeirra framlag til matarframboðsins – eins og þeir myndu sjá kettlingum sínum fyrir mat. Þeir líka einnig svo á að heimili þitt sé nógu öruggt til að hægt sé að borða mat þar án hættunnar á að honum sé stolið. Sú staðreynd að þú kannt ekki að meta gjöfina eða þú losar þig við hana er metið sem svo að þú sért vanþakklátur eða vitlaus kettlingur þrátt fyrir að margir eigendur gefi kettinum sínum kattamat í skiptum fyrir tapaða bráð.

Það er hægt að þjálfra ketti, en ólíkt hundum krefjast þeir áþreifanlegra verðlauna eins og matar, ekki bara látlaust hrós. Hegður katta er ekki þannig að aðeins hrós séu næg verðlaun. Fyrir kött er það að fá matarverðlaun eftir að hafa leikið einhverjar list það sama og veiðiferð sem endar með því að ná bráð.

Kettir eru oft trúir stöðum frekar en fólki, þar sem afkoma þeirra byggist á því að ná umráðum á svæði en ekki því að fylgja eftir hjörð af dádýrum.

Kettir eru oft jafn trygglyndir og hundar

Kettir eru oft eins trúir eigendum sínum og hundar, en þeir sýna það á annan hátt vegna ólíks veiðistíls og ólíkrar félagshegðunar. Kettir taka á móti þér með því að hreyfa skottið, en hundur gæti flaðrað uppum þig, sleikt þig og sýnt undirgefni eins og ef hann væri hvolpur að biðja fullorðinn hund um að deila mat eftir veiðiferð. Kettir taka á móti þér sem jafningja þó svo að mjög ástúðlegur köttur gæti velt sér á bakið og sýnt á sér mallakútinn og beðið um klapp eins og kettlingur tekur á móti mömmu sinni.

Stærsti munurinn á köttum og hundum er hlýðni hunda við leiðtoga sinn, trygglyndi katta er áunnið og ekki má nýðast á því. Þegar þér hefur tekist að vinna þér traust og vináttu kattarins þíns, kemstu að því að hann er jafn trygglyndur, eða jafnvel meira, heldur en hundur.

Grein eftur Sarah Hartwell, þýdd af Vilmu Kristínu Guðjónsdóttur